

# Skýrsla 2010

Íþróttá- og leikjaskólinn /  
Bardagaleikjaskólinn



**KEFLAVÍK**

*íþróttá-og ungmennafélag*

## Efnisyfirlit

Undirbúningur.....	3
Markmið.....	3
Leiðbeinendur og starfsfólk .....	3
Tími og tímabil .....	4
Bækistöðvar .....	4
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	4
Skráning .....	4
Þátttökugjald .....	4
Dagskráin .....	4
Dagskrá fyrra námskeiðs.....	5
Dagskrá á seinna námskeiði.....	5
Miðar heim með börnum .....	6
Þátttaka – fjöldi .....	6
Útskrift - lokadagur.....	6
Slys.....	7
Þátttaka vinnuskólans.....	7
Börn sem þurfa meiri aðstoð.....	7
Samstarfsaðilar.....	7
Myndir og heimasíða .....	8
Kostnaður -uppgjör .....	8
Könnun.....	8
Að lokum .....	12
Nafnalisti.....	13
Fyrri námskeið 14. júní – 02. júlí 2010 .....	13
Seinna námskeið 05. júlí – 23. júlí 2010.....	14
Tölfræði.....	15

## Undirbúningur

Aðalstjórn Keflavíkur gerði samning við ÍT um rekstur á Íþróttá- og leikjaskóla í Reykjanesbæ sumarið 2010. Umsjón skólans var áfram í höndum Einars Haraldsson, en hann hefur haft umsjón með honum síðast liðin ár. Rut Sigurðardóttir og Helgi Rafn Guðmundsson voru ráðnar leiðbeinendur skólans og sáu þau um skipulagningu hans. Þetta var sextánda árið í röð sem aðalstjórn Keflavíkur íþróttá- og ungmennafélags, heldur utan um skólann, sem er ætlaður fyrir börn á aldrinum 6-11 ára. Það er því kominn góð reynsla á skólann. Dagskráin í ár var með bardagalista þema og var því öðruvísi en síðastliðin ár.

## Markmið

1. Kynna þátttakendum grunnatriði nokkura bardaga-og sjálfsvarnarlista
2. Efla félagsþroska og samskiptahæfni.
3. Auka hreyfifærni og bætt líkamsþrek.
4. Þátttakendur kynnist náttúru sveitarfélagsins og nágrennasveitarfélaga betur og upplifi umhverfi sitt á nýjan hátt.
5. Kenna börnunum nokkur grunnatriði í sjálfsvörn
6. Stuðla að aukinni útiveru barna og hvetja þau til að nýta umhverfið til margbreytilegra leikja.

## Leiðbeinendur og starfsfólk

Leiðbeinendur ásamt skólastjóra voru 3 í fullu starfi.

Leiðbeinendur voru þau:

- Rut Sigurðardóttir, 25 ára íþróttáfræðingur.
- Helgi Rafn Guðmundsson,, 23 ára nemi í íþróttáfræði við HR.

Umsjónarmaður var:

- Einar Haraldsson, framkvæmdastjóri Keflavíkur. Hann hafði umsjón með daglegum rekstri skólans, ásamt því að aðstoða við ýmis verkefni skólans.

## **Tími og tímabil**

Starfrækt voru tvö þriggja vikna námskeið í sumar. Það fyrra frá 14. júní til 2. júlí og það seinna frá 5. júlí til 23. júlí. Boðið var upp á að vera annað hvort fyrir hádegi frá kl 9-12 eða eftir hádegi frá kl. 13-16.

## **Bækistöðvar**

Bækistöðvar íþróttta og leikjaskólans voru á fyrra námskeiði í Myllubakkaskóla fyrir hádegi og í íþróttahúsinu á Ásbrú eftir hádegið, en á seinna námskeiði voru þær bæði fyrir og eftir hádegi í Myllubakkaskóla. Börnin mættu þar við upphaf hvers dags og þar endaði dagurinn alltaf.

## **Auglýsingar og kynningarstarfsemi**

Deift var skráningar og kynningarblaði í alla fyrstu, aðra, þriðju, fjórðu og fimmtu bekki í öllum grunnskólum Reykjanesbæjar. Einnig var sett grein á heimasíðu Keflavíkur íþróttta- og ungmennafélags. Fyrir fyrra námskeiðið var auglýst í Víkurfréttum.

## **Skráning**

Skráning fyrir fyrra námskeiðið var dagana 9. og 10.júní og sáu Rut og Helgi um þá skráningu. Skráning fyrir seinna námskeiðið var 30. júní. og 1.júlí og var sú skráningar í höndum Einars Haraldssonar. Skráningin fór fram á skrifstofu félagsins, Hringbraut 108. Nokkrir skráðu sig eftir að skólinn var byrjaður.

## **Þátttökugjald**

Innritunargjald var 8000. kr og veittur var 1000 kr systkinaafsláttur.

## **Dagskráin**

Bæklingi með dagskrá námskeiðsins og hagnýtum upplýsingum fyrir foreldra var dreift við innritun. Ákveðið var að hafa seinna námskeiðið með svipuðu sniði og það fyrra, þó varð smávægileg breyting á milli námskeiða þar sem að 17. júní kom inni á fyrra námskeiðinu og því var sett inn leikjadag á seinna námskeiðinu.

### ***Dagskrá fyrra námskeiðs***

#### **Vika 1.**

- 14. júní** Kynning og leikir
- 15. júní** Taekwondo leikir
- 16. júní** Gönguferð og leikir
- 17. júní** Þjóðhátíðardagurinn ( frí)
- 18. júní** Jiu jitsu leikir

#### **Vika 2.**

- 21. júní** Taekwondo leikir
- 22. júní** Sjálfsvörn / leikir
- 23. júní** Krakkajóga / sjálfsvörn
- 24. júní** Jiu jitsu / leikir
- 25. júní** Hjólaferð

#### **Vika 3.**

- 28. júní** Bardagaleikir
- 29. júní** Taekwondo
- 30. júní** Ninjadagur
- 1. júlí** Sundferð (mæting í Myllubakka)
- 2. júlí** Lokahátíð og grillveisla kl 11.

### ***Dagskrá á seinna námskeiði***

#### **Vika 1.**

- 5. júlí** Kynning og leikir
- 6. júlí** Taekwondo leikir
- 7. júlí** Gönguferð og leikir
- 8. júlí** Bardagaleikir
- 9. júlí** Jiu jitsu leikir

#### **Vika 2.**

- 12. júlí** Taekwondo leikir
- 13. júlí** Sjálfsvörn / leikir
- 14. júlí** Krakkajóga / sjálfsvörn
- 15. júlí** Jiu jitsu / leikir

**16.júlí** Hjólaferð

**Vika 3.**

**19.júlí** Fjölþrautadagur

**20.júlí** Taekwondo

**21.júlí** Ninjadagur

**22.júlí** Sundferð

**23.júlí** Lokahátíð og grillveisla kl 11

### **Miðar heim með börnum**

Börnin voru send heim með miða til þess að minna foreldra á eftirtalda daga: hjóladag, sund, ninjadag og lokadag.

### **Þátttaka – fjöldi**

Þátttaka í skólanum í ár var töluvert minni en undanfarin ár og má ætla að það sé vegna fjölbreytilegra námskeiða sem í boði voru fyrir börn þetta sumarið. Spurning er hvort hefði mátt auglýsa aftur í vikurfréttum fyrir seinna námskeiðið. Á námskeiðunum í ár tóku alls 66 börn þátt. Þ.e. á fyrra námskeiðið voru 25 börn fyrir hádegi og 18 börn eftir hádegi, á námskeiðinu sem haldið var á Ásbrú. Á seinna námskeiðinu voru 12 börn fyrir hádegi og 11 eftir hádegi.

### **Útskrift - lokadagur**

Á lokadegi hvors námskeiðs var haldin glæsileg grillveisla þar sem foreldrum var einnig boðið. Þegar börnin útskrifast úr Íþrótt og leikjaskólanum fá þau í hendur viðurkenningarskjal sem sýnir árangur þeirra í einstökum greinum upplýsingum s.s. boltakasti, sippa, langstökki, hlaupi ofl. Þeir sem hafa verið í Íþrótt og leikjaskólanum áður getað borið árangur sinn saman milli ára. Einnig fengu voru börnin leyst út með gjöf. Á fyrra tímabilinu fengu börnin stuttermabol að gjöf frá Íþrótt- og leikjaskólanum en börnin á seinna tímabili fengu þess í stað derhúfu. Þessar gjafir voru frá Vífilfelli.

## Slys

Engin alvarleg slys urðu. Ekki varð komist hjá smáskeinum sem voru læknaðar með plástrum.

## Þátttaka vinnuskólans

Sér til aðstoðar höfðu leiðbeinendurnir unglinga frá Vinnuskóla Reykjanesbæjar sem stóðu sig með ágætum. Það verður að segjast alveg eins og er að án aðstoðar vinnuskólans væri þyngra að reka íþróttta- og leikjaskólann. Vinnuskóli Reykjanesbæjar var mjög liðlegur við útvegum á aðstoðarfólki og á hann bestu þakkir skilið.

## Börn sem þurfa meiri aðstoð

Nauðsynlegt er að fatlaðir, andlega sem líkamlega, fái að taka þátt í starfsemi sem þessari. Fatlaðir mega ekki gleymast þegar bæjarfélagið og íþróttahreyfingin gera samning um umsjón íþróttta og leikjaskóla eða aðra þá starfsemi sem í boði er. Það er nauðsynlegt að börn sem njóta aðstoðar þegar þau eru í skóla haldi þeirri aðstoð áfram og komi inn í íþróttta- og leikjaskóla eða aðra þá starfsemi sem er í gangi með sinn aðstoðarmann, ef það á að vera hægt að taka á móti þeim og sinna þeim á réttan hátt. Við fengum nokkur ofvirk börn, börn með einhverfu og börn með hinar ýmsu þroskahamlanir, gekk misjafnlega vel að hafa þau börn og hefðu sum þeirra þurft að hafa með sér aðstoðarmanneskju. **Er því nauðsynlegt að börn sem njóta aðstoðar þegar þau eru í skóla haldi þeirri aðstoð áfram.**

## Samstarfsaðilar

Mikið af fólki, fyrirtækjum og stofnunum aðstoðaði Íþróttta og leikjaskólann á einn eða annan hátt. Fólkið á þessum stöðum var í öllum tilfellum tilbúið að aðstoða á alla mögulega vegu og kann Keflavík Íþróttta- og ungmennafélag þeim bestu þakkir. Helstu samstarfsaðilar sumarið 2010 voru; Eyjólfur í Nýja Bakarí sem gaf pylsubrauð, Vífilfell gaf drykki og gjafir, Vinnuskólinn útvegaði aðstoðarfólk, starfsfólk íþróttamannvirkja, Reykjanesbær, ÍT styrkti Íþróttta og leikjaskólann auk þess sem hann útvegaði skólanum aðstöðu.

## Myndir og heimasíða

Að þessu sinni voru teknar hátt í 840 myndir af nemendum skólans við hina ýmsu iðju. Þær voru settar inn á heimasíðu skólans þar sem foreldrar/forráðamenn, jafnt sem nemendur gátu skoðað þær. Slóðin á myndasafnið er : <http://keflavik.is/myndir/> Þar er einnig er hægt að sjá skýrslur skólans frá árinu 1999. Þetta teljum við að þetta sé þáttur af því að auka og um leið bæta samstarf skólans við foreldra/forráðamenn.

## Kostnaður -uppgjör


Rekstarsamningurinn sem gerður var við ÍT í ár var skorinn niður um 25% frá fyrra ári. Ekki væri hægt að reka skólann einungis með skráningargjöldum nemenda. Sú upphæð dugir ekki fyrir öllum þeim kostnaði sem þarf að láta út við rekstur skólans. Óvissan um fjölda barna milli ára gerir reksturinn áhættusaman. Því ekki er hægt að reikna út fyrirfram tekjur skólans og þar með er mjög erfitt að gera rekstaráætlun fyrir skólann.

## Könnun


Í grillveislunni á loka deginum þá höfðu leiðbeinendurnir útbúið spurningalista sem lágu fyrir og foreldrar gátu svarað þeim nafnlaust. Flestir foreldrarnir svöruðu könnuninni.

Hér eru niðurstöðurnar;

### *Fyrri námskeið*








## 5. Er eitthvað sem þér finnst að mætti betur fara eða villt koma á framfæri?

- Vorum mjög ánægð
- Var mjög ánægður og beið spenntur eftir hverjum nýjum degi Takk :)
- Góð tilbreyting frá fyrri námskeiðum
- Námskeiðið var áhugavert og skemmtilegt. Guttinn var alltaf spenntur fyrir því að mæta á hverjum degi
- Nafnið á námskeiðinu gerði það meira spennandi. Mitt barn var mjög ánægt með allt saman og alltaf spennt að mæta.
- Drengnum mínum leist fyrst ekki vel á að fara í bardagaleikjaskóla en fór af því að vinir hans ákváðu að fara og svo var hann bara svona rosa ánægður með þetta. Takk fyrir það
- Drengurinn var mjög ánægður með námskeiðið.
- Þegar stelpan mín sá nafnið á skólanum leist henni ekki vel á það en síðan fannst henni æðislegt.
- Barnið mitt var mjög hrifið af námskeiðinu.


### Seinna námskeið




## 2. Finnst þér nafnið á námskeiðinu skipta máli ?



## 3. Hefði barnið þitt mætt á námskeiðið ef það hefði verið hefðbundið líkt og undanfarin ár eða kom það vegna þess að það var öðruvísi þ.e. bardagalistaþema ?



## 4. Ef bardagalistar yrðu aftur þema á næsta ári hversu líklegt er að barnið þitt myndi mæta aftur ?



## 5. Er eitthvað sem þér finnst að mætti betur fara eða villt koma á framfæri?

- Halda áfram að hafa Rut og Helga þau eru frábærar fyrirmyndir.
- Allt hefur gengið mjög vel, aldrei þurfta að dekstra strákinn (7ára) til að mæta, hann hefur haft mjög gaman af námskeiðinu og leiðbeinendur mjög góðir.
- Frábært námskeið og frábærir kennarar :)
- Strákurinn minn var rosa ánægður held að þetta hefði mátt vera auglýst betur.
- Kannski er nafnið bardagalistaþema neikvætt gagnvart stelpum?
- Starfsmenn hefðu þurft að vera á staðnum alltaf þangað til að öll börnin hefðu verið sótt.
- Það er mikilvægt að kenna börnunum að vera sátt við sjálf sig og fjölskyldu og vini. Lífið er ekki bardagi.
- Nafnið fældi okkur ekki frá en kannski aðra. Námskeiðið hentaði barninu vel því að hann fellur ekki inni "hefðbundnar íþróttir"
- Sonur minn var mjög ánægður með bardagalistina og var iðinn við að sýna okkur þegar heim var komið. Takk kærlega fyrir okkur.

## Að lokum

Undirritaður vill þakka öllum þeim sem komið hafa að starfsemi skólans með einum eða öðrum hætti fyrir gott samstarf.

Keflavík 23. júlí 2010

*Einar Haraldsson*

Formaður KEFLAVÍKUR

## Nafnalisti

### **Fyrri námskeið 14. júní – 02. júlí 2010**

#### **Fyrir hádegi Mylla**

<b>Nafn</b>	<b>Heimili</b>	<b>Kennitala</b>
Anna Ingunn Svansdóttir	Lágmóa 8	071001-2960
Jenný E. Ingvarsdóttir	Norðurgarði 8	180302-2630
María Rós Gunnarsdóttir	Greniteig 20	030804-2950
Orri Freyr Ingimundarson	Elliðavöllum 3	231202 -2850
Víktor K. Hensema	Faxabraut 25 E	081202-3110
Óliver K. Hensema	Faxabraut 25 E	191101-2780
Vilhjálmur Vilhjálmsson	Þverholt 16	220403-2970
Víktor Ingi Elíasson	Birkiteig 9	221201-2216
Birta Rún Benediktsdóttir	Faxabraut 37B	130301-3120
Elísabet Vilhjálmisdóttir	Hrauntún 6	020301-3090
Snædís Harpa Davíðsdóttir	Hraundal 8	120901-3380
Ágúst Kristinn Eðvarðsson	Vatnsnesvegur 13	080401-2480
Gabriel Már Elvarsson	Faxabraut 40a	020103-3370
Þórarinn Darri Ólafsson	Sunnubraut 54	071003-2990
Særún Birta Haukdal Birgisdóttir	Njarðargata 3	070203-3050
Einar Gunnarsson	Heiðarbraut 7H	270803-4070
Birgir Örn Guðsveinsson	Efstaleiti 40	160803-3550
Elvar Snær Þorvaldsson	Heiðarbraut 31 D	130502-3180
Hilmir Snær Þorvaldsson	Heiðarbraut 31 D	020500-3790
Eðvarð Már Eðvarðsson	Heiðarbraut 13	271102-3990
Lárus Logi Elentínusson	Blikabraut 13	050303-3140
Borgar Unnbjörn Ólafsson	Vesturgata 25	160802-2350
Hafþór Bjartur Sveinsson	Sjafnarvellir 11	070403-3660
Snævar Ingi Sveinsson	Sjafnarvellir 11	071204-3670
Rósant Hafþórsson	Faxabraut 39b	230403-3090

#### **Eftir hádegi Ásbrú**

Ingvar Breki Kárasón	Heiðargarður 15	080103-3280
Marínó Máni Karlsson	Heiðargarður 15	240504-2860
Alexander Pálmi Ólafsson	Sjafnarvellir 7	220103-3310
Daníel Dagur Árnason	Bogabraut 961 3-2b	301203-3570
Natalia Nótt Árnadóttir	Bogabraut 961 3-2b	220900-2230
Dagbjört H. Guðbergsdóttir	Silfurtún 16 (0)	070900-3940
Natalia Ýr Hörpudóttir	Bogabraut 950 4-1b	130800-2970
Alexander Kalmykov	Sunnubraut 2	011002-3820
Ebba Dís Arnarsdóttir	Fjörubraut 1226-39	250901-2160
Hreiðar Elís Þórarinsson	Skóbargraut 930	170201-2720
Rúna Mjöll Helgadóttir	Hringbraut 60	151103-3830
Hafþór Júlía Högnadóttir	Heiðarhendi 6g	060703-2130
Anna Lilja Sveinsdóttir	Faxabraut 35b	080903-4050
Sigurður Ingi Bergsson	Hamragarður 12	020900-3420
Sigurður Skagfjörð Þórhallsson	Melavegur 1b	230101-3290
Sigrún Birta Eckard	Bogabraut 950 3-1a	200100-3870
Aron Daníel Finnson	Skógarbraut 1101-2-3a	101103-3230
Aron Smári Ólafsson	heiðargarði	141101-3580

**Seinna námskeið 05. júlí – 23. júlí 2010**

**Fyrir hádegi Mylla**

<b>Nafn</b>	<b>Heimili</b>	<b>Kennitala</b>
Sunna Líf Zan Bergþórsdóttir	Melteigur 21	080601-3360
Erna Björg Rán Arnardóttir	Heiðarbraut 29 c	290603-3070
Sæbjörn Rafn Steinarsson	Suðurbraut 1233 1 d	260199-3669
Valur Þór Hákonarson	Fjörubraut 1224	200104-4040
Aron Örn Hákonarsson	Fjörubraut 1224	200104-3820
Jakub Ingvar Pítak	Vallarás 18	130799-3459
Marta Alda Pítak	Vallarás 18	260501-3050
Sara Margrét Frederick	Gígjuvöllum 12	121001-3140
Þórður Jaki Violetúson	Skógarbraut 931	100501-2950
Ásta Björk Garðarsdóttir	Heiðarbakki 9	270503-2760
Ásdís Ástgeirsdóttir	Hátún 18	080202-3420
Egill Máni Jóhannsson	Háaleiti 13	250303-2540

**Eftir hádegi Mylla**

Guðjón Örn Karlsson	Bjarnarvellir 18	070300-3380
Baldvin Máni Grétarsson	Blikabraut 8	130803-3690
Benedikt G. Axelsson	Lyngholt 18	280900-2650
Karl Diego Karlsson	Heiðarholti 26a	090304-2910
Jökull Halldór Þórðarson	Hrauntún 12	131202-2450
Jakub Jaks	Faxabraut 25 c	270801-3740
Bjarni Hrafn Hermannsson	Hringbraut 56	040103-2870
Tómas Elí Stefánsson	Heiðarbóli 21	190702-2940
Óliver Andri Einarsson	Heiðarendi 6b	041104-3330
Bosnjak Luka	Heiðarból 6	100304-4060
Agnar Alex Sveinsson	Brekkubraut 3	071004-2790

## Tölfræði

